

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 41/96
frá 28. júní 1996**

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptaþjónusta)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/96 frá 29. febrúar 1996⁽¹⁾.

Ályktun ráðsins 95/C 341/03 frá 27. nóvember 1995 um hvaða áhrif það hefur á iðnaðinn að koma á upplýsingaþjófélagi í Evrópusambandinu⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 26d (ályktun ráðsins 95/C 258/01) í XI. viðauka við samninginn:

„26e. 395 Y 1219(03): Ályktun ráðsins 95/C 341/03 frá 27. nóvember 1995 um hvaða áhrif það hefur á iðnaðinn að koma á upplýsingaþjófélagi í Evrópusambandinu (Stjtið. EB nr. C 341, 19. 12. 1995, bls. 5).“.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 102, 25. 4. 1996, bls. 50 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 18, 25. 4. 1996, bls. 21.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 341, 19. 12. 1995, bls. 5.

2. gr.

Fullgiltur texti ályktunar ráðsins 95/C 341/03 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júlí 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 28. júní 1996.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Benavides

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner